# AÐGERÐAÁÆTLUN HÖRPU Í LOFTSLAGSMÁLUM 2021-2024



| UMHVERFISÞÁTTUR | ÁHERSLUR | MARKMIÐ | AÐGERÐIR | ÁBYRGÐ | TÍMARAMMI |
|---|---|---|---|---|---|
| ORKUNOTKUN HEITT VATN | **Hugum að orkusparnaði og drögum úr losun GHL vegna orkunotkunar.** | Drögum úr losun GHL vegna rafmagns-notkunar um 10% | Fylgjumst með orkunotkun vegna loftræstikerfis. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Hitum ekki upp rými sem eru ekki í notkun. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | LED væðum stóran hluta hússins, allt að 80% | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Reglulegar áminningar til starfsfólks um orkusparnað á starfsmannafundum. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Áhersla lögð á orkusparandi raftækjum við innkaup. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| ORKUNOTKUN RAFMAGN | | Fylgjumst með heitavatns-notkun | Allir ofnar í húsinu yfirfarnir reglulega. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Slökkt á ofnum í rýmum sem þarf ekki að kynda og ofnar jafnvel fjarlægðir. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Afgangs heitt vatn er vísað út í tjörnina á Hörputorgi sem og til að hita upp rampinn í bílakjallarann og Hörputorg. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| ÚRGANGUR | **Leggjum áherslu á endurvinnslu og drögum úr úrgangsmyndun og losun GHL vegna úrgangs. Drögum úr losun GHL vegna úrgangs um 20%** | Matarsóun í mötuneyti Hörpu verði ekki meiri en 10%. | Matarsóun í mötuneyti er mæld tvisvar á ári, annars vegar matur sem ekki selst hverju sinni og hins vegar magn lífræns úrgangs í matsal. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Setjum upp skýrar leiðbeiningar í mötuneyti hvernig best er að draga úr matarsóun. | UMHVERFISRÁÐ MARKAÐSSTJÓRI | 2021 - 2024 |
| | | Endurvinnslu-hlutfall verður 75% | Fyrir liggja skýrar flokkunarleiðbeiningar fyrir starfsfólk og gesti hússins þar sem fram kemur hvar flokkunartunnur er að finna, bæði í framhúsi og bakhúsi og hvernig skal flokka. Leiðbeiningar skuli vera sérstaklega sýnilegar í mötuneyti og kaffistofum starfsfólks sem og innri vef. | UMHVERFISRÁÐ MARKAÐSSTJÓRI | 2021 - 2024 |
| | | | Flokkunarátak á meðal starfsfólks Hörpu tvisvar á ári þar sem fyrirfram ákveðnu endurvinnsluhlutfalli skal náð. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Reglulegir upplýsingar til starfsfólks á starfsmanna-fundum varðandi mikilvægi flokkunar, sýnum myndir af því sem betur má fara, og pælingar varðandi rétta flokkun. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Kynnum ársfjórðungslega yfirlit yfir úrganginn frá Terra og Klöppum á starfsmannafundum. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Sjáum til þess að allir starfsmenn í mötuneyti Hörpu séu fræddir um flokkun úrgangs á starfsstöðinni. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | Drögum úr pappírsnotkun um 20% | Pappírsnotkun er mæld tvisvar á ári. Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi og starfsfólk hvatt til að koma með hugmyndir um svigrúm til að draga enn frekar úr prentun. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Draga úr notkun á prógrömmum á tónleikum | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Draga úr notkun á handþurrkum á salernum og setja upp handblásara. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| SAMGÖNGUR | **Drögum úr losun GHL vegna samgangna og eflum fjarfundar-menningu.** | Hlutdeild vistvænni ferðamáta til og frá vinnu verði 30% | Starfsfólk Hörpu sækir aðeins þá fundi/ráðstefnur erlendis sem hafa augljósan hag fyrir félagið. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Samningur við leigubílaþjónustu um að í forgangi séu visthæfir leigubílar. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 |
| | | | Stefnum á platinum hjólavottun. | UMHVERFISRÁÐ | 2023 |
| | | | Á heimasíðu Hörpu er sýnilegt hvernig hægt er að heimsækja Hörpu með almenningssamgöngum og öðrum umhverfisvænum leiðum. | UMHVERFISRÁÐ MARKAÐSSTJÓRI | 2022 |
| | | | Styðjum og hvetjum starfsfólk til að taka þátt í fjarfundum. Gerum fjarfundaraðstöðu eins og best verður á kosið fyrir starfsfólk | MANNAUÐS - OG GÆÐASTJÓRI | 2022 |
| | | | Skýrar og góðar leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar eru til staðar. | MANNAUÐS - OG GÆÐASTJÓRI | 2022 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SAMGÖNGUR | Drögum úr losun GHL vegna samgangna og eflum fjarfundar-menningu. | Hlutfall samgöngusamninga við starfsfólk verði 30% | Tökum virkan þátt í átakinu "Hjólað í vinnuna" og "Lífshlaupinu" árlega. | MANNAUÐS - OG GÆÐASTJÓRI | 2021 - 2024 |
| | | | Bætum enn frekar aðstöðu fyrir hjól í bílakjallara á K1 fyrir allt starfsfólk hússins sem og búnings/sturtuaðstöðu. | UMHVERFISRÁÐ | 2022 - 2024 |
| | | | Minnum reglulega á samgöngusamninga og hvetjum starfsfólk til að gera slíka samninga. | MANNAUÐS - OG GÆÐASTJÓRI | 2021 - 2024 |
| | | | Upphæð samgöngustyrks endurskoðuð árlega. | MANNAUÐS - OG GÆÐASTJÓRI | 2021 - 2024 |
| | | | Árlega er starfsfólk spurt um ferðavenjur til og frá vinnu í starfsmannakönnun. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Búum til drög að fundarstefnu fyrir félagið. | MANNAUÐS - OG GÆÐASTJÓRI | 2022 |
| FRÆÐSLA | Fræðum starfsfólk um innra umhverfisstarf og önnur umhverfismál | Höldum a.m.k. 2 fræðslufundi um innra umhverfisstarf á hverju ári | Höldum stutt fræðsluerindi um störf Umhverfisráðs á starfsmannafundum. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Höldum sérstaka fræðslufundi utan starfsmannafunda. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | Höldum a.m.k. 2 fræðslufundi um umhverfismál á hverju ári | Fáum fræðslu um t.d. skaðleg efni í neysluvörum og heilsu, heimajarðgerð, minna sorp á heimilum, rafbíla eða annað. Starfsfólk verður einnig virkjað í að segja frá sínum verkefnum sem öll tengjast á einn eða annan hátt umhverfismálum. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | | | Tökum þátt í viðburðum eins og Hjólað í vinnuna, Samgönguviku, Plokk deginum, Degi umhverfisins, Hreinsum Reykjavík Saman, Plastlausum september og Evrópskri Nýtniviku. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| | Hvetjum til aukinnar umhverfis-vitundar í samfélaginu | Starfsfólk getur komið ábendingum um innra umhverfisstarf á framfæri | Á innri vef félagsins er athugasemdarkerfi þar sem starfsfólk getur sett inn hugmyndir um aðgerðir/úrbætur. | UMHVERFISRÁÐ MARKAÐSSTJÓRI | 2021 - 2024 |
| | | Gerum umhverfisstarf Hörpu sýnilegt á heimasíðu. | Á heimasíðu er undirsíðan Græn stefna uppfærð reglulega og þar er alltaf hægt að sjá nýjustu upplýsingar um umhverfismál félagsins. | UMHVERFISRÁÐ MARKAÐSSTJÓRI | 2021 - 2024 |
| | | | Merki Grænna skrefa og Græns bókhalds er á forsíðu heimasíðu félagsins. | UMHVERFISRÁÐ MARKAÐSSTJÓRI | 2022 |
| | | Hvetjum samstarfsaðila og byrgja til að huga að umhverfis-málum | Setja upplýsingar um verkefni eða hvatningu tengda umhverfismálum í undirskriftir starfsmanna í tölvupóstum. | UMHVERFISRÁÐ MARKAÐSSTJÓRI | 2022 |
| | | | Sendum bréf til allra byrgja um stefnu félagsins í umhverfismálum. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 - 2024 |
| INNKAUP | Stundum vistvæn innkaup | Drögum úr kaupum á óþarfa og aukum hlut umhverfis-merktra vara og þjónustu | Umhverfismerktar vörur og þjónusta eru valin umfram annað í öllum innkaupum. | UMHVERFISRÁÐ | 2021-2024 |
| | | | Innkaup félagsins fylgja kröfum Grænna skrefa og stefnu ríkisins um vistvæn innkaup. | UMHVERFISRÁÐ | 2021 -2024 |
| | | | Innkaupahandbók með leiðbeiningum liggur fyrir. | UMHVERFISRÁÐ | 2022 |
| GRÆN SKREF | Fylgjum Grænu skrefum | Uppfyllum öll fimm Grænu skrefin | Aðgerðir og stefna Grænna skrefa eru yfirfarnar reglulega. | UMHVERFISRÁÐ | 2022 |
| HEIMS - MARKMIÐ SÞ | Fylgja Heims-markmiðum SÞ | Velja áherslu-markmið og fylgja þeim eftir. | Í samvinnu við starfsfólk munu áherslumarkmið vera valin og þeim fylgt eftir | UMHVERFISRÁÐ FORSTJÓRI | 2022 |
| KOLEFNIS - JÖFNUN | Kolefnisjöfnun losun með ábyrgum hætti | Kolefnisjöfnum losun GHL vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar ár hvert. | Kolefnisjöfnun eftirstandandi losun með kaupum á áreiðanlegum kolefniseiningum samkvæmt leiðbeiningum Umhverfistofnunar, s.s. gróðursetningu trjáa. | UMHVERFISRÁÐ FORSTJÓRI | 2021 - 2024 |
| EFTIRFYLGNI | Tryggja ábyrga innleiðingu | Yfirfara umhverfis - og loftlagstefnu Hörpu reglulega og uppfæra ef þörf er á | Starfsfólk Hörpu gegnir lykilhlutverki í innleiðingu og eftirfylgni aðgerða félagsins í umhverfis - og loftlagsmálum. Því er mikilvægt að vera með reglulegar kynningar/áminningar þess efnis. | UMHVERFISRÁÐ FORSTJÓRI | 2021 - 2024 |